

27. desember 1983

1465

Nr. 821

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar nr. 148
18. mars 1982.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Af öllum fasteignum, sem skattskyldar eru samkvæmt 1. gr., skal greiða vatnsskatt sem nemur 0,40% af heildarfasteignamati eignarinnar.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 425,00 og er það einnig gjald vegna nýtingar vatnslinda í landi bæjarins, sbr. 3. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er samkvæmt 2. gr., skal vera kr. 1,25 á hver m³ vatns, eða sem hér segir samkvæmt áætlaðri notkun:

- a) Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum, t. d. í sambandi við eldneytissölur, skal greiða kr. 5 000,00 á ári fyrir vatnsnotin.
- b) Vatnsorkunotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar fyrir hver 100 kg sementsnotkun, kr. 1,25.
- c) Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða kr. 0,75 fyrir hverja slátraða sauðkind.
- d) Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 3,25 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald skal vera fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til pökkunar og þæklunar skal greiða kr. 1,75 fyrir útskipaða tunnu.
- e) Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu, eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 5,00 fyrir hvert landað tonn.
- f) Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 6,25 á hverja smálest af innvegnum fiski.
- g) Fyrir vatn til skipa skal greiða kr. 7,50 fyrir hverja smálest af vatni eða hluta úr smálest. Lágmarksgjald til fiskiskipa er kr. 125,00 og annarra skipa kr. 250,00. Vatn til skipa skal staðgreiða, nema um annað hafi verið samið fyrirfram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfn fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu hefur verið samið.
- h) Vatnsnotkun vegna fastra véla í húsum, annarra en heimilisvéla, s. s. kælikerfa, þvottavéla o. s. frv., skal greiða með kr. 1,25 á hverja smálest, eftir vatnsmæli, eða samsvarandi eftir hámarkshemli. Heimilt er veitunefnd að semja um þessi not við hlutaðeigendur.
- i) Greiðsla fyrir önnur vatnsnot, en hér eru talin, fer eftir ákvörðun veitunefndar. Jafnan skal stuðst við mælingu vatnsnota við ákvörðun þeirra til gjalds, ef aðstæður leyfa, en varanleg, stór notkun skal seld eftir hámarksrennsli og notkunartíma, eftir því sem hægt er. Getur veitunefnd sett þar um nánari reglur, ef þurfa þykir.

B 185

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Veitunefnd getur ákveðið, að notkun vatns skuli mæld samkvæmt vatnsmæli. Skal vatnsveitan þá láta notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleigan fyrir hvern mæli sem hér segir:

	kr.
20–32 mm	250,00
40 mm	350,00
50 mm	863,00
80 mm	1 750,00
100 mm	2 125,00

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.***REGLUR****um orlof kennara og skólastjóra við framhaldsskóla.**

1. gr.

Um orlofsumsókn.

Umsókn um orlof skal vera á eyðublaði, sem menntamálaráðuneytið lætur gera. Umsókn um orlof á næsta skólaári sendist ráðuneytinu fyrir 1. nóvember. Í umsókn skal taka fram eftirfarandi:

- Tilgreina skal menntastofnun og námsgrein eða námsgreinar þegar er um að ræða reglulegt nám. Sé ekki um reglulegt nám að ræða, heldur styttri námskeið eða annars konar námsdvöl, skal gera ítarlega grein fyrir tilhögun námsins.
- Hvort umsækjandi hefur sótt um eða fengið styrk til fararinnar frá öðrum en menntamálaráðuneytinu.
- Hvort umsækjandi hefur áður fengið orlof eða styrk frá menntamálaráðuneytinu eða fyrir milligöngu þess.
- Hvort umsækjandi hefur áður sótt um orlof, en ekki fengið.
- Aðrar upplýsingar, sem umsækjandi telur skipta máli.